

Mál nr. 248/2018**M og
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er ökumaður missti stjórn á bifreið er hann beygði sig eftir síma.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.8.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 30.8.2018.

Málsatvik.

Að kvöldi 3. febrúar 2018 ók M eftir Langholtsvegi í Reykjavík er hún missti stjórn á bifreiðinni og lenti á ljósastaur. M varð fyrir meiðslum. Daginn eftir leitaði hún á slysa- bráðadeild Landspítalans. Í bráðamóttökuskra spítalans segir að M hafi verið beygja sig fram til að ná í síma sem hafði dottið á gólfíð. Við það hafi hafi hún misst stjórn á bifreiðinni í hálfu og klessti á staur. Sagðist M hafa ekið á 60 km hraða á klst.

M hefur krafist bóta úr lögboðinni slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar hjá V. V hefur viðurkennt bótaskyldu að 2/3 hlutum, en telur, með vísan til þess sem fram kom í framangreindri bráðamóttökuskra, að M verði að bera sjálf 1/3 tjónsins með því að hún hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi.

M hefur ekki fallist á afstöðu V til bótaskyldu. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti kveður hún ekki rétt eftir sér haft í bráðamóttökuskránni. Það beri með sér að hún hafi verið að nota farsíma sinn við akstur, en það sé ekki sannleikanum samkvæmt. Hún hafi ekið á löglegum hraða og haft augun á veginum allan þann tíma sem hún var undir stýri. Þá hafi hún ekki verið að tala í síma, skrifa smáskilaboð eða nota hann að öðru leyti.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins hafi vátryggður í slysatryggingu eins og hér um ræðir valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingarburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingarburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Andmæli M í málskoti verða ekki skilin svo að hún mótmæli þeirri lýsingu sem getur í bráðamóttökuskránni, þ.e. að hún hafi verið að beygja sig fram til að ná í síma sem hafði dottið á gólfíð og við það hafi hún misst stjórn á bifreiðinni í hálfu á 60 km hraða á klst. og klesst á staur.

Jafnvel þótt M hafi ekki beinlínis verið að nota símann þegar slysið varð var hún engu að síður að beygja sig eftir honum niður á gólf. Þegar til þess er litið að M ók á talsverðum hraða í hálfu þegar hún beygði sig niður í gólfíð verður að virða þessa háttsemi til stórkostlegs gáleysis í skilningi 1. mgr. 90. gr. vsl. Eftir atvikum öllum og með vísan til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 112/2017 þykir rétt að bætur skerðist um 1/3. M telst því eiga rétt á bótum 2/3 hlutum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr slysatryggingu ökumanns hjá V, en ber sjálf 1/3 hluta tjóns síns.

Reykjavík, 18. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.